



Ísafjarðarbær
Heiða Hrund Jack, skipulagsfulltrúi
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Reykjavík, 2. júlí 2021
Tilvísun: 202105104 / 3.4

**Efni: Lýsing fyrir tillögu að deiliskipulagi Hvallátursvirkjun í Dýrafirði,
Ísafjarðarbær**

Ísafjarðarbær hefur, með erindi dags. 28. maí 2021, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í bæjarstjórn 18. mars 2021 og varðar tillögu að deiliskipulagi Hvallátursvirkjunar.

Samkvæmt lýsingunni, dags. febrúar 2021, er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir 2,5 MW rennslisvirkjun ásamt 80 m² stöðvarhúsi og 2,3 km langri niðurgrafinni þrýstipípu. Skipulagssvæðið er 320 ha að stærð og er svæðið bæði á náttúruminjaskrá og hverfisverndað. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur lýsinguna veita ágætis mynd af fyrirhugaðri skipulagsgerð en bendir á eftirfarandi atriði:

- Skipulagsstofnun telur mikilvægt að sveitarfélagið greini þörfina og skoði heildstætt virkjunarkosti í sveitarfélaginu í tengslum við heildarendurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar, þar sem m.a. verði mörkuð stefna um vatnsafsvirkjanir. Þessi stefna liggar ekki fyrir og eru áform um bæði Hvallátursvirkjun og Botnsvirkjun í Dýrafirði ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag.
- Í umhverfismati aðal- og deiliskipulagstillagnanna þarf að skoða samlegðaráhrif þessara tveggja virkjunarkosta þar sem þeir eru á sama svæði.
- Að mati stofnunarinnar er æskilegt að vinna að tilkynningu framkvæmdarinnar, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, samhliða skipulagsvinnunni með það fyrir augum að samnýta gögn og gera samráðs- og umsagnarferlið skilvirkara.
- Bent er á að þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði er bæði á náttúruminjaskrá og hverfisverndað þarf að gera grein fyrir þeim ríku almannahagsmunum sem skapa þá brýnu nauðsyn að heimila virkjun á svæðinu.
- Gera þarf grein fyrir því hvers vegna þessi staðsetning er talin ákjósanlegust fyrir virkjun og greina frá því hvort og hvaða aðrir raunhæfir valkostir hafi verið skoðaðir varðandi staðsetningu virkjunarinnar m.t.t. hagkvæmni og áhrifa á umhverfið.
- Minnt er á að afmörkun deiliskipulagsins nái yfir alla mannvirkjagerð þ.m.t. starfsmannabúðir, lagnir og vegagerð.

Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Jóhanna Hrund Einarsdóttir